

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1146  
komudagur 12.03.2002

Nefndasvið Alþingis  
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

11. mars 2002

Tilvísun: 2002020044


## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rafeyrisfyrirtæki, 454. mál, EES-reglur.

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs, dags. 19. febrúar sl., þar sem Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um rafeyrisfyrirtæki, 454.mál, EES-reglur.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið. Verði frumvarpið að lögum er ljóst að lagðar eru auknar skyldur á Fjármálaeftirlitið sem geta haft í för með sér aukinn kostnað við framkvæmd eftirlits. Ekki er ljóst hvert umfang starfsemi rafeyrisfyrirtækja kemur til með að verða og því ekki hægt að segja til um hver endanleg áhrif frumvarpsins verður á starfsemi Fjármálaeftirlitsins verði það að lögum.

Að öðru leyti gerir Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins.

Virðingarfyllst,



Páll Gunnar Pálsson

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Hannes J. Hafstein